



Fundargerð

Verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

23. fundur, föstudaginn 20. nóvember, kl. 10:00
í iðnaðarráðuneytinu, Reykjavík

Mætt: Svanfríður Jónasdóttir, formaður, Anna Sverrisdóttir, Elín R. Líndal, Friðrik Dagur Arnarson, Kristín Huld Sigurðardóttir, Kristín Linda Árnadóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir, Þorsteinn Tómasson, Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Helga Barðadóttir (iðnaðarráðuneytinu), Steinunn Fjóla Sigurðardóttir (umhverfisaráðuneytinu), Kjartan Ólafsson (formaður faghóps 3) og Tómas Þór Tómasson sem ritaði fundargerð.. Einnig sat fundinn Kristinn Einarsson, OS.

Forföll: Hjörleifur Kvaran, Stefán Arnórsson, Guðni Jóhannesson.

Fundarfrásögn

- Fundargerðir.** Lagðar voru fram til samþykktar fundargerðir frá fundum 11. og 25. september. Friðrik Dagur gerði athugasemd við frásögn fundarins þann 11. sept. og lagði fram tillögu að nýrri endursögn af framlagi hans í umræðum um 3. lið. Var tillagan samþykkt og fundargerð frá 11. sept. breytt til samræmis. Einnig kom fram ein athugasemd við fundargerð 25. sept. sem var samþykkt. Að þessum breytingum gerðum voru báðar fundargerðirnar samþykktar.
- Gögn frá Náttúrufræðistofnun.** Skýrslur sem Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) vann fyrir Orkustofnun/rammaáætlun um háhitasvæði bárust í byrjun nóvember eftir langa töf. Á fundinum kom fram óánægja með töfina, efnistöð og fréttáflutning er skýrslunum tengjast og jafnvel efast um að skýrslurnar myndu gagnast mikið í matsferlinu. Farið var fram á að skýrslurnar kæmu skýrar fram á vinnusvæði á heimasíðu en skýrslurnar eru einnig aðgengilegar á heimasíðu NÍ.
 - Töf** á afhendingu skýrslanna hefur tafið störf faghóps 1. Í lok september var farið fram á að faghópurinn fengi í hendur efni skýrslanna í handritsformi og var handsalað að það yrði gert þann 10. okt. Þegar til kom neitaði NÍ að láta þær af hendi nema fullbúnar.
 - Efnistöð.** Fram komu efasemdir um að efnistöð skýrslanna væru í samræmi við samning og var m.a. vísað til sjálfstæðs mats NÍ á verðmætum háhitasvæðanna, umfjöllun um útivist og efnahagsmál. Óánægju gætti með ófaglega nálgun NÍ á mati á landslagi og skilgreiningu á útivist sem ekki hafði verið beðið um og væri til „óþurftar“. Ýmislegt í skýrslum var talið gagnast faghópi 2 en framsetning efnisins yrði að vera önnur. Hópurinn þyrfti að fá í hendur undirgögn vinnunnar. Þóra Ellen og Anna Sverrisdóttir munu mögulega efna til fundar með forsvarsmönnum NÍ. Sjálfsgagt er að nota efni skýrslanna sem best.
 - Nokkur óánægja var með **fréttáflutning** af skýrslunum er tengdist kynningu á verðamætamati háhitasvæða að frumkvæði NÍ. Niðurstaðan gæti orðið það

að mat NÍ og faghópa rammaáætlunar færi ekki saman sem gæti grafið undan trúverðugleika. Niðurstaða umræðnanna var að ekki væri ástæða til að bregðast formlega við þessum fréttum því umfjöllunin væri gengin yfir.

- d. Hvað önnur gögn varðar á aðeins eftir að fá skýrslur um landslag háhitasvæða (Fræðasetur Háskóla Íslands á Höfn), skýrslu um Þjórsárver (Erling Ólafsson á NÍ) og skýrslu um smádýrasamfélög á háhitasvæðum (Veiðimálastofnun fyrir Orkusjóð),

3. **Umræður um drög að lagafrumvarpi um rammaáætlun.** Drögum að frumvarpinu hefur verið skilað til ráðuneytisins. Formaður kynnti umræður sem orðið höfðu á fundi formanna faghópa um nokkur efnisatriði frumvarpsins en síðar á fundinum væri von á formlegri kynningu þar sem mál myndu skýrast. Kynnti þó tillögu frumvarpsins um að niðurstaða verkefnisstjórnar yrði kynnt hagsmunaaðilum áður en hún kæmi til kasta Alþingis. Slík kynning yrði í höndum ráðherra en í framtíðinni kæmi það í hlut verkefnisstjórnar.

Um þessa hugmynd spunnust miklar umræður og margs konar sjónarhorn komu fram. Þeir sem lýstu sig andstæða þessari hugmynd bentu á að aðferðafræði matsins hefði hlotið góða kynningu og litla gagnrýni, hún væri gegnsæ og þar kæmi fram rökstuðningur fyrir einkunnagjöfum. Aðferðafræði faghóps 2 byggði að miklu leyti á huglægu mati sem í sjálfu sér væri umdeilanlegt. Ef fara ætti fram opin kynning á niðurstöðunum þyrfti að leggja í mikla og tímafreka vinnu við kynningargögn sem aldrei hefur verið reiknað með. Það væri stjórnáráðmálanna að taka við faglegri niðurstöðu og rökræða hana.

Þeir sem meðmæltir voru opnu samráðsferli um niðurstöður rammaáætlunar töldu að um mun lýðræðislegra og opnara ferli að ræða og væri í takt við kröfur dagsins. Búast mætti við að athugasemdir yrðu málefnalegar. Bent var á að faghópar yrðu að haga störfum sínum með þetta ferli í huga.

Kristinn Einarsson benti á 5. gr. frumvarpsdraganna þar sem hann taldi að komið væri í veg fyrir rannsóknir á órannsökuðum svæðum og gerði þar með mat á umhverfisáhrifum að markleysu. Túlkun hans var að í raun yrði útilokað að gera frekari rannsóknir vegna virkjunarkosta er flokkuðust í „biðflokk“. Réttara væri að gera ráð fyrir að áform um frekari rannsóknir færu í mat á umhverfisáhrifum og yrði niðurstaða jákvæð mættu rannsóknir fara af stað en annars ekki.

4. **Kynning á drögum að lagafrumvarpi.** Inn á fundinn komu Kristín Haraldsdóttir, lögfræðingur, og Guðjón A. Guðjónsson, skrifstofustjóri orkumála í iðnaðarráðuneytinu. Þau kynntu stuttlega frumvarpsdrögin og kölluðu eftir fyrirspurnum og athugasemdum. Áformað er að kynna frumvarpið á ríkistjórnarfundi í næstu viku og í framhaldi af því fyrir fleiri aðilum. Ekki verður lögð áhersla á að hraða frumvarpinu í gegnum þingið en mikilvægt að samþykkt þess liggja fyrir þegar niðurstaða verkefnisstjórnar kemur fram. Ýmsar athugasemdir komu fram og verða þær teknar til athugunar.
5. **Fjármál.** Formaður kynnti að sjóðir rammaáætlunar væru uppunir og ljóst væri að meiri peninga þurfi til að ljúka verkefninu. Fjárþörf næmi 20 millj. kr. á þessu ári og 10 millj. kr. á því næsta.
6. **Næsti fundur.** Ekki var ákveðin dagsetning fyrir næsta fund en að óbreyttu verður ekki haldinn fundur fyrr en eftir áramót.